

Mál nr. 38/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Sundlaugavegi í Reykjavík til móts við Hrístateig þann 18.1.2011.**Gögn.**

18. Málskot, móttækið 2.2.2011, ásamt fylgigögnum.
19. Bréf Y, dags. 21.2.2011, ásamt fylgigögnum.
20. Bréf X, dags 21.2.2011.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið austur Sundlaugaveg og var A ekið á undan B. A var stöðvuð á akbrautinni. Bar þá B að. Er ökumaður B freistaði þess að aka vinstra megin fram með A rákust saman að því er virðist aftanverð vinstri hlið A og aftanverð hægri hlið B. Hálka var á malbikaðri akbrautinni.

Í skýrslu ökumanns A, sem gerð var á vettvangi, kemur fram að hann hafi ekið á litlum hraða og numið staðar til að spyrja sammemanda sinn hvort hann gæti ekið honum. Hafi hann þá fundið högg koma á A þegar B hefði verið ekið aftan á hana. Í málskoti kveðst hann hafa stöðvað við vegarbrún og A hafi verið kyrrstæð í smástund þegar B hafi verið ekið aftan á A.

Í skýrslu ökumanns B á vettvangi kvaðst hann hafa séð A kyrrstæða og sveigt þá til vinstri til að forða árekstri. Hafi hann hafi þá ekið á umferðarmerki og hafnað á A. Í síðari skýrslu frá ökumanni B kemur fram að A hafi verið stöðvuð mjög skyndilega á miðri akbrautinni.

Álit.

Hámarkshraði á Sundlaugavegi er 50 km á klst. Í upphaflegri skýrslu ökumanns B segir að hann hafi séð A kyrrstæða. Bendir það til að einhver aðdragandi hafi verið að árekstrinum. Hefur ökumaður B ekki sýnt þá aðgæslu sem af honum mátti krefjast né gætt þess að hafa nægilegt bil á milli ökutækja svo eigi skapaðist hætta á árekstri þótt ökutækið sem á undan fór stöðvaðist, sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann á því sök á árekstrinum. Telja verður ósannað samkvæmt gögnum málsins að um skyndistöðvun hafi verið að ræða af hálfu ökumanns A. Eins og hér stóð á þykja ekki næg efni til að leggja sök á hann. Ökumaður B ber því einn sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík, 15. mars 2011.
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.